

Árið 2011, fimmtudaginn 17. febrúar 2011, kl 10.10 kom Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga saman til fundar á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga að Árnagötu 2-4, Ísafirði og með aðstoð síma frá Bassastöðum í Steingrímsfirði, Bolungarvík, Reykhólum og Tálknafirði. Mættir voru Sigurður Pétursson, formaður, Elías Jónatansson (í síma), Guðbrandur Sverrisson (í síma), Gústaf Jökull Ólafsson (í síma), auk þeirra Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV sem ritaði einnig fundargerð.

Formaður kynnti að Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir kæmi síðar inn á fundinn í síma frá Tálknafirði.

Dagskrá fundarins var send út í tölvupósti þann 8. febrúar s.l., sem hér segir;

1. Vesturorka ehf. kynning sjávarfallavirkjunar með þverun Þorskafjarðar.
2. Almenningsamgöngur. Fundarboð 14. febrúar n.k. frá Samgönguráðuneyti
3. Önnur mál.

Formaður bauð nefndarmenn velkomna til fundar og gengið var til dagskrá.

1. Vesturorka ehf. kynning sjávarfallavirkjunar með þverun Þorskafjarða.

Formaður bauð Bjarna M Jónsson, framkvæmdastjóra Vesturorku ehf. velkominn til fundar í síma frá Reykjavík. Formaður kynnti að beiðni hefði borist frá félaginu varðandi kynningu fyrir samgöngunefnd FV á hugmynd félagsins um byggingu sjávarfallavirkjunar, með þverun Þorskafjarðar í Reykhólahreppi, nánar tiltekið frá Skálanesi að Reykjanesi. Félagið hefði einnig sent kynningarefni (glærur) um framkvæmdina og væri hana að finna í gögnum fundarins.

Bjarni þakkaði boð á fundinn og það tækifæri að geta kynnt framangreinda hugmynd fyrir samgöngunefnd FV. Hér væri um að ræða framkvæmd sem gæti samnýtt nýjan virkjanakost og nýtt vegstæði, í stað núverandi vegar frá Þorskafirði að Skálanesi m.t.t. að hér væri um styttingu að ræða, auk vegar á láglandi. Staðsetning þverunar væri nær hin sama og kynnt hefði verið að hálfu Vegagerðar á árinu 2002 sem leið A, en hefði verið talin of dýr framkvæmd í samanburði við önnur vegstæði s.s. leið D eða B. Mat Vesturorku ehf. er að virkjunin hefði einnig jákvæð áhrif á þróun samfélags á Vestfjörðum auk þess sem umhverfisáhrif hennar væru talin minniháttar. Vesturorka ehf. hefði á síðustu mánuðum kynnt verkefnið fyrir umhverfisráðuneyti, samgönguráðuneyti, Vegamálastjóra og Landsvirkjun.

Bjarni kynnti nú helstu forsendur verkefnisins og svaraði fyrirspurnum. Eyrún kom til fundar í síma (10.20) undir kynningu Bjarna en Bjarni vék síðan af fundi (11.10).

Rætt um forsendur Vesturorku ehf. s.s. áætlun framkvæmdakostnaðar í samanburði við áætlun Vegagerðar um leið A, þróun orkuverðs, umhverfisáhrif og samfélagsáhrif. Gústaf Jökull taldi að sveitarstjórn Reykhólahrepps myndi gera kröfu um að þessi hugmynd yrði skoðuð til hlítar í tengslum við ákvarðanir um vegframkvæmdir á næstu árum. Áhrif virkjunar með þverun Þorskafjarðar væru talin minniháttar gagnvart umhverfi og verulega jákvæð gagnvart samfélagi.

Samgöngunefnd samþykkir að fela framkvæmdastjóra að afla nánari upplýsinga frá Vegagerðinni um áætlaðan kostnað við þverun Þorskafjarðar, samkvæmt leið A. Uppfæra

þarf fyrri áætlun Vegagerðarinnar til að fá raunhæfan samanburð við áætlanir Vesturorku ehf. og fá þannig mat á raunverulegum samlegðaráhrifum þess að leggja nýjan veg og byggja virkjun.

2. Almenningsamgöngur.

Framkvæmdastjóri kynnti fundarboð frá Innanríkisráðuneyti vegna fundar í ráðuneytinu þann 14. febrúar. Dagskrá fundarins er sem hér segir;

1. Stefnumörkun, tengsl við samgönguáætlun og stefnumótun ríkisstjórnarinnar
2. Tilraunaverkefni, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og kynning frá Strætó bs
3. Hver landshlutasamtök kynna eigin hugmyndir um almenningssamgöngur svæðis
4. Umræður og næstu skref

Til grundvallar umræðunni væri skýrsla Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis *Almenningssamgöngur á Íslandi* (september 2010).

Rætt um efni fundarins og skýrslu ráðuneytisins. Að hálfu stjórnvalda er áhugi að finna leiðir til nýta betur þá fjármuni sem lagðir eru til almenningssamgagna í dag. Hugmyndir eru um aukið hlutverk landshlutasamtaka í þessum málaflokki með vísan til reynslu af tilraunaverkefnum á þessu sviði.

Samgöngunefnd FV, telur á þessari stundu ekki forsendur til að taka afstöðu til slíkra hugmynda, afla verði nánari upplýsinga m.a. um hugsanlegan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Gera verði einnig greinarmun í umræðu um almenningssamgöngur, að annars vegar er um að ræða samgöngur á milli landshluta s.s. með flugi en hinsvegar samgöngur út frá skilgreindum samgöngumiðstöðvum innan landshluta. Eins og staðan er í dag, þá er mikilvægt fyrir Vestfirði að ríkið tryggi greiðar samgöngur til Vestfjarða og milli samgöngusvæða á Vestfjörðum. Einnig að gæta þess að jafnræði sé milli íbúa og fyrirtækja landsins er varðar flutningskostnað og ferðatíma.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.00.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Óskarsson.